

Alþingi
Erindi nr. P 131/202
komudagur 26.11.2004

Þingskjal 11
Tillaga til Þingsályktunar um Íþróttamál.

Umsögn frá Íþróttakennarafélagi Íslands

Ég fagna því að fram er komið frumvarp um íþróttáætlun og málefni íþróttanna og heilsa barna og unglinga komist á dagskrá hins há alþingis. Málið er í raun tvíþætt varðandi ungmenni sem kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða skólaíþróttir og íþróttaiðkun í tengslum við skóla og hins vegar íþróttastarf hjá íþrótt- og ungmennafélögum sem er óháð skólastarfi. Þörfin í samfélaginu er sú að öll börn fái daglega hreyfingu og besta ráðið til að uppfylla þær þarfir er að fjölga stundum í íþróttum, líkams og heilsurækt í grunnskólum landsins auk þess að koma á skipulegri íþróttakennslu í leikskólum landsins. Með slíkri daglegri líkams- og heilsurækt í skólum landsins værum við einnig að auka áhuga og getu ungmenna til að stunda íþróttir hjá íþrótt- og ungmennafélögum og gera þau hæfari til þess að stunda á eigin ábyrgð almenningsíþróttir þegar þau verða eldri.

Þátt almenningsíþróttanna þarf að greina og veita fjármagni sem skilar sér í útbreiðslu íþróttanna til almennings, hvort sem er til íþrótt- og ungmennafélaga, frjálsra félagasamtaka eða einstaklinga. Það fjármagn sem nú er varið til þessa málaflokks er skammarlega lítið og væri til athugunar að vinna að þessum málum í tengslum við Lýðheilsustöð með stofnun Hreyfiráðs innan Lýðheilsustöðvar.

Þær rannsóknir sem hafa birst síðustu árin er því miður aðeins á einn veg... .. Íslendingar stunda ekki næga hreyfingu og aukning á ofþyngd og öðrum velferðasjúkdómum leiða til sífellt meiri útgjalda á heilbrigðisviði.

Málefnið Aukin hreyfing almennings og þá sérstaklega barna okkar er því ekki mál sem hægt er að dvelja við lengi á hinu háa alþingi heldur er aðgerða þörf nú þegar og er því mikilvægt að stefna ríkisins í formi íþróttáætlunar með tengslum við lýðheilsu og heilbrigðisáætlun ríkisins.

Fyrst er að stöðva þá hröðu neikvæðu þróun varðandi heilsu ungmenna sem ríkjandi er í dag og þá snúa til baka með aukinni hrreyfingu og heilbrigðari lífni með ástundun íþróttanna og heilbrigðu mataræði. Ef ekki á næstu 2-3 árum má búast við að Íslendingar í sinni velsæld verði flokkuð sem þróunarriki á sviði lýðheilsu og þurfi að afsala sér sjálfstæði sínu sem heilbrigðir víkingar 21 aldarinnar.

Það er velkomið að leyta til mín með ráðgjöf og hugmyndir í þessum mikilvæga málaflokki.

Með íþrottakveðju

Arngrímur Viðar Ásgeirsson
formaður íþróttakennarafélags Íslands, Framkvæmdastjóri Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, fyrrverandi sviðsstjóri Íþrótt- og Olympíusambands Íslands, Upphafsmáður verkefnisins Göngum um Ísland og íþróttakennari